



Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir Heilbrigðiseftirlit Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes fyrir árið 2026.

Breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits

- Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í samstarfi við atvinnuvegaráðuneytið hefur lagt fram til samráðs, áform um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Fyrirhugaðar breytingar munu hafa umtalsverð áhrif á fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits, þar sem áformin snúa að því að færa reglubundið eftirlit til Umhverfis- og orkustofnunar annars vegar og Matvælastofnunar hins vegar.
- Fyrirhugað er að þessar breytingar taki gildi 1. janúar 2027.
- Eftir er að útfæra í hvaða farveg umhverfisvöktun og önnur þjónusta við sveitarfélögin verður háttað og eins er ekki búið að útfæra með hvaða hætti t.d. samþykktir um hundahald, eftirlit með fráveitum, úrgangsmálum, eftirliti með vatnsverndarsvæðum o.fl. verði háttað.
- Ljóst er að þessar breytingar munu hafa áhrif á starf heilbrigðiseftirlits á árinu 2026, aukin vinna verður við yfirfærslu og frágang gagna, vinna við samræmingu og yfirfærslu verkefna.
- Þá hafa fyrirhugaðar breytingar frekar neikvæð áhrif á starfsandann, þar sem margir þættir eru óljósir varðandi yfirfærslu samninga starfsfólks.

Núverandi hlutverk og markmið heilbrigðiseftirlitsins

- Heilbrigðiseftirlitið er lögbundið stjórnvald sem er falið með lögum að framfylgja ákvæðum ákveðinna laga og reglugerða og samþykktar sveitarfélaga.
- Hlutverk Heilbrigðiseftirlitsins er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness um rekstur heilbrigðiseftirlits.
- Markmið heilbrigðiseftirlitsins er að búa íbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.
- Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er að varðveita gæði lofts, vatns og lands á svæðinu og gæta hagsmuna almennings með tilliti til heilbrigðis og hollustuhátta og koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.
- Heilbrigðiseftirlitið gegnir lykilhlutverki í að fylgjast með umgengni á vatnsverndarsvæðum og tryggja þannig verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru um gæði neysluvatns.
- Hefur eftirlit með fyrirtækjum og stofnunum með því að fylgja eftir kröfum um hollustuhætti og mengunarvarnir og ávallt sé notast við þá tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri almennri vernd umhverfisins í heild.
- Heilbrigðiseftirlitið stendur vörð um öryggi og heilnæmi matvæla með því að fylgjast náið með framleiðslu, dreifingu og sölu.



Helstu forsendur starfs- og fjárhagsáætlunar 2026

- Eftirlitskyldir rekstraraðilar heilbrigðiseftirlitsins hefur fjölgað verulega á síðasta ári. Áætlaðar tekjur vegna eftirlits hækka um tæp 6% af þeim sökum. Á sama hátt hækkar launakostnaður umfram verðlagsbreytingar, til að mæta auknum verkefnum í eftirliti.
- Sífelld færir meiri þungi af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins yfir í önnur störf en hefðbundin reglubundin eftirlitsstörf. Vinna við umsagnir og breytingar á skipulagi, breytingar á lögum og reglugerðum er varða mengun, hollustuhætti og matvæli eru viðameiri og mikilvægt að rýna vel þær hugmyndir sem nú eru til vinnslu um breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.
- Hugmyndir um útfærslu vaxtarmarkna núverandi svæðaskipulags, kallar á ítarlega skoðun á vatnsverndarmörkum og með hvaða hætti hægt er að tryggja að vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins verði tryggð til framtíðar. Einnig þarf að skoða önnur umhverfisleg áhrif á breytingu vaxtarmarkanna.
- Markaðseftirlit matvæla, eftirlit með tóbaki og nikótínvörum sem áætlanir eru uppi um að færa undir eftirlit heilbrigðiseftirlitin, kallar á aukin mannafla, en á móti kemur að þau verkefni eru jafnframt tekjuskapandi.
- Meginhlutverk heilbrigðiseftirlitsins að sinna reglubundnu eftirliti og er eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlitsins sífelld í endurskoðun með hliðsjón af kerfisbundnu mati á umhverfisáætlu viðkomandi starfsemi. Samstarf heilbrigðiseftirlits við Vinnueftirlitið, Lögreglu og Skattinn hefur haft þau áhrif að fjöldi aðila sem hefur starfað án starfsleyfa eða án skráningar hefur fjölgað verulega og ættu eftirlitstekjur að hækka í samræmi við þá fjölgun.
- Verðbólgan hefur verið á niðurlíð, þó svo markmiðum Seðlabankans sé ekki náð, en ekki er gert ráð fyrir miklum verðhækkunum á árinu 2026.
- Ágætur fyrirsjánleiki er í launaþróun fyrir árið 2026, en styttingu vinnuvikunnar sem kom á fullum þunga inn með síðustu kjarasamningum, hefur veruleg áhrif á virka vinnutíma og er nauðsynlegt að mæta því á næsta ári, auk þess sem hagrætt verður í verkefnum til að mæta þeirri þróun.
- Gerð er áætlun um að tímagjald heilbrigðiseftirlits hækki um 4,5% og verði kr.23.000 á árinu 2026 og sýnagjald hækki um 6% til að mæta hækkun kostnaðar við sýnatökur og fari í kr. 24.000.
- Lagt er til að Leyfisgjald fyrir hundahald haldi áfram að lækka að raunverði og verði kr. 18.500 sem er hækkun um tæp 3% hækkun frá fyrra ári.



Fjárhagsáætlun fyrir 2026

	Fjárhagsáætlun 2026			% af h-tekjum	Hækkun hlutf. Afk.spá 31/12/25
	Hundaeftirlit	Heilbr.eftirlit	Samtals		
Rekstrartekjur					
Eftirlitsgjöld	38.000.000	194.957.489	232.957.489	88,9%	9,4%
Leyfisgjöld		15.000.000	15.000.000	5,7%	7,0%
Aðrar tekjur		14.000.000	14.000.000	5,3%	1,2%
	38.000.000	223.957.489	261.957.489	100,0%	8,9%
Gjöld				% af gj.	
Heilbrigðisnefnd	400.000	4.800.000	5.200.000	1,3%	5,6%
Laun og launat.gjöld	23.000.000	262.187.075	285.187.075	73,8%	5,7%
Húsnæðiskostnaður	1.600.000	13.400.000	15.000.000	3,9%	5,4%
Skrifstofu- og tölvuk.	2.200.000	24.500.000	26.700.000	6,9%	3,4%
Akstur	500.000	5.000.000	5.500.000	1,4%	5,9%
Aðkeypt þjónusta	2.000.000	22.000.000	24.000.000	6,2%	2,9%
Annar rekstrark.	8.000.000	3.500.000	11.500.000	3,0%	10,0%
	37.700.000	348.787.075	386.487.075	100,0%	8,7%
Vaxtatekjur		1.000.000	1.000.000		
Rekstrarniðurstaða ársins	-300.000	123.829.586	123.529.586	32,0%	
Framlög aðildarfélag	Íbúafj. 2025				
	Hafnarfjörður		35.408.572	31525	9,3%
	Garðabær		22.594.095	20116	9,3%
	Kópavogur		44.972.537	40040	9,3%
	Mosfellsbær		15.404.554	13715	9,3%
	Seltjarnarnes		5.149.827	4585	9,3%
			123.529.586	109981	

Fjárhagsáætlun fyrir 2026 (með samanburðartölum)

	Raunstaða 31.12.2024				Fjárhagsáætlun 2025				hlutf. af heildar tekjum	Aftomuspá 31.12.2025				% af h-tekjum	Fjárhagsáætlun 2026				% af h-tekjum	Hækkun hlutf. Aft.spá 31/12/25	
	Hundaefirlit		Heilbr.eifirlit	Samtals	Hundaefirlit		Heilbr.eifirlit	Samtals		Hundaefirlit		Heilbr.eifirlit	Samtals		Hundaefirlit		Heilbr.eifirlit	Samtals			
Rekstrartekjur		Hundaefirlit	Heilbr.eifirlit	Samtals																	
	Eftirlitsgjöld	34.100.000	153.930.508	188.030.508	89,8%	33.638.000	166.519.619	200.157.619	88,5%	36.675.500	174.281.380	210.956.880	38.000.000	194.957.489	232.957.489	88,9%	9,4%				
	Leyfisgjöld	0	9.764.250	9.764.250	4,7%	8.000.000	8.000.000	8.000.000	3,5%	13.952.500	13.952.500	13.952.500	15.000.000	15.000.000	15.000.000	5,7%	7,0%				
	Aðrar tekjur	42.000	11.586.904	11.628.904	5,6%	18.000.000	18.000.000	18.000.000	8,0%	13.838.830	13.838.830	13.838.830	14.000.000	14.000.000	14.000.000	5,3%	1,2%				
		34.142.000	175.281.662	209.423.662	100,0%	33.638.000	192.519.619	226.157.619	100,0%	36.675.500	202.072.710	238.748.210	38.000.000	223.957.489	261.957.489	100,0%	8,9%				
Gjöld									hlutf. h. gjöld								% af gj.				
	Heilbrigðisnefnd	386.240	4.441.759	4.827.999	1,6%	423.492	4.870.160	5.293.652	1,6%	500.000	4.406.488	4.906.488	400.000	4.800.000	5.200.000	1,3%	5,6%				
	Laun og launatgjöld	18.210.299	209.418.437	227.628.736	76,6%	20.333.609	233.836.508	254.170.117	75,4%	21.500.000	247.450.567	268.950.567	23.000.000	262.187.075	285.187.075	73,8%	5,7%				
	Húsneðiskostnaður	1.139.440	13.103.565	14.243.005	4,8%	900.000	14.000.000	14.900.000	4,4%	1.500.000	12.686.223	14.186.223	1.600.000	13.400.000	15.000.000	3,9%	5,4%				
	Skrifstofu- og tölvukostur	3.088.293	17.500.325	20.588.618	6,9%	1.600.000	21.500.000	23.100.000	6,8%	2.200.000	23.590.199	25.790.199	2.200.000	24.500.000	26.700.000	6,9%	3,4%				
	Aktur	392.419	4.512.817	4.905.236	1,6%	500.000	6.000.000	6.500.000	1,9%	500.000	4.676.137	5.176.137	500.000	5.000.000	5.500.000	1,4%	5,9%				
	Aðkvept þjónusta	2.180.646	17.457.675	19.638.321	6,6%	3.500.000	21.500.000	25.000.000	7,4%	2.500.000	20.814.249	23.314.249	2.000.000	22.000.000	24.000.000	6,2%	2,9%				
	Annar rekstrark.	8.077.752	7.349.954	15.427.706	5,2%	6.300.000	2.000.000	8.300.000	2,5%	7.500.000	2.852.000	10.352.000	8.000.000	3.500.000	11.500.000	3,0%	10,0%				
	33.475.089	273.784.532	307.259.621	103,3%	33.557.101	303.706.668	337.263.769	100,0%	36.200.000	316.475.863	352.675.863	37.700.000	348.787.075	386.487.075	100,0%	8,7%					
		1.105.796	1.105.796				700.000			917.600	917.600		1.000.000	1.000.000							
Rekstrarniðurstæða ársins		-666.911	97.397.074	96.730.163	31,5%	-80.899	111.187.049	110.406.150	32,7%	-475.500	113.485.553	113.010.053	-300.000	123.829.586	123.529.586	32,0%					
Framlög aðildarféлага																					
	Íbúafj. Árslok 2023																				
	Hafnarfjörður	29763	Framl. Svfré.	27.538.093	29763	Hafnarfjörður	31.586.472	31.586.472	30616	Hafnarfjörður	32.393.249	32.393.249	31525	Hafnarfjörður	35.408.572	31525	9,3%				
	Garðabær	18445		17.018.520	18445	Garðabær	19.693.055	19.693.055	19088	Garðabær	20.670.027	20.670.027	20116	Garðabær	22.594.095	20116	9,3%				
	Kópavogur	38998		35.864.023	38998	Kópavogur	40.581.848	40.581.848	39935	Kópavogur	41.142.766	41.142.766	40040	Kópavogur	44.972.537	40040	9,3%				
	Mosfellsbær	13024		12.098.815	13024	Mosfellsbær	13.827.851	13.827.851	13403	Mosfellsbær	14.092.733	14.092.733	13715	Mosfellsbær	15.404.554	13715	9,3%				
	Seltjarnarnes	4720		4.210.712	4720	Seltjarnarnes	4.716.924	4.716.924	4572	Seltjarnarnes	4.711.278	4.711.278	4585	Seltjarnarnes	5.149.827	4585	9,3%				
			96.730.163	104950			110.406.150	110.406.150	107014		113.010.053	113.010.053	109981		123.529.586	109981					



Greinargerð starfs- og fjárahagsáætlunar fyrir árið 2026

Breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sem boðaðar eru í áformum ráðherra umhverfis- orku- og loftslagsráðherra munu setja mark sitt á starf heilbrigðiseftirlitsins á næsta ári. Í þeim breytingum er gert ráð fyrir að megin starfsemi heilbrigðiseftirlits færist frá sveitarfélögunum til ríkisins, Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar. En eftir er að skipuleggja önnur kostnaðarsöm verkefni sem unnin eru af heilbrigðiseftirliti sem unnin eru í samræmi við samþykktir sveitarfélaganna.

Búast má við að kostnaður við reglubundið eftirlit hjá sveitarfélögunum eigi eftir að hækka verulega, þegar verkefnin færast yfir til ríkisstofnanna ef taka má mið af fyrri reynslu á eftirlitsverkefnum sem færð hafa verið undir miðlæga yfirstjórn ríkisins. Þessi áform um breytingu á reglubundnu eftirliti eru lagðar fram um leið og sífellt meiri þungi af starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fer í önnur störf en hefðbundin reglubundin eftirlitsstörf. Matarsýkingar, kvartanir íbúa um mengun hverskonar, vegna hávaða, lyktar eða annars ónæðis, tekur sífellt upp meiri tíma heilbrigðisfulltrúa, auk aukinnar kröfu um hvers konar umhverfissvöktun. Reynt er að sinna öllum kvörtunum um leið og þær berast.

Dæmi um aukin verkefni á öðrum sviðum er vöktun loftgæða vegna eldgosa á Reykjanesi, sem kallar á stöðugt viðhald og eftirlit við loftgæðastöðvar okkar, sem sinna lykilhlutverki í loftgæðamælingum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig rekum við 4 loftgæðastöðvar á okkar svæði, sem eru í lykilhlutverki varðandi mælingar á höfuðborgarsvæðinu, þar sem þær eru einu stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu sem eru með reglulegar mælingar á svifryki PM1, en þær mælingar gefa vísbendingar um gosmóðu.

Auknar kröfur íbúa er um umhverfissvöktun og að bætt verði við mælistöðvum á svæði heilbrigðiseftirlitsins og að þeim verði komið upp í öllum sveitarfélögum. Þá er unnið að því að upplýsingar verði gerðar aðgengilegar almenningi og að heilbrigðiseftirlitið sé með virka upplýsingagjöf til viðkvæmra hópa þegar loftgæði eru skert. Þá er einnig eftirliti með lækjum, vötnum og tjörnum sem og vöktun á yfirborðsvatni.

Mikil umræða hefur verið um útfærslu vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins en núverandi vaxtarmörk að hluta unnin út frá vatnsverndarsvæðinu sem órjúfanlegur hluti svæðaskipulagsins. Heilbrigðisnefnd er falið það hlutverk að hafa eftirlit með samþykktinni og tryggja að markmið samþykktarinnar um verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er nefndinni falið að stuðla að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Svæðaskipulagið tryggir að ákvarðanir eru teknar um landnotkun til að tryggja sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna um vernd neysluvatns.

Meginhlutverk heilbrigðiseftirlitsins að sinna reglubundnu eftirliti og er eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlitsins sífellt í endurskoðun með hliðsjón af kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Eftirlitsskyldum rekstraraðilum hefur fjölga verulega á árinu og er ljóst að aukin umsvif eru í atvinnurekstri á svæðinu. Skýringin er hugsanlega að framboð iðnaðarlóða er mest á svæði þeirra sveitarfélaga sem mynda heilbrigðiseftirlitið okkar. Þá hefur heilbrigðiseftirlitið ásamt Lögreglu, Vinnueftirlitinu og Vinnumálastofnun heimsótt iðnarsvæði á eftirlitssvæðinu og hefur komið í ljós að víða er starfsleyfis skyld eða skráningarskyld starfsemi án allra leyfa og er þeim aðilum gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um þeirra starfsemi. Þrátt fyrir góðan ásetning um að rekstraraðilar hafi þekkingu á sinni starfsemi og hvaða kröfur liggja til grundvallar, þá er reynslan sú að mikil tími fer í að fræða og upplýsa rekstraraðila um þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi. Mikil umræða hefur verið



um leiðbeiningahlutverk heilbrigðiseftirlitsins og gerum við okkur grein fyrir þeirri skyldu okkar að veita allar þær upplýsingar og leiðbeiningar sem við erum fær um, en enga síður þarf að gera þá kröfu til rekstraraðila að þeir hafi grunnþekkingu á sínum rekstri og hvaða kröfur eru gerðar hvað varðar mengunarvarnir og með hvaða hætti þau þurfa að tryggja landsmönnum heilnæm lífsskilyrði.


Markmið stjórnvalda um hjöðnun verðbólgunnar ganga hægt og hækka rekstrarkostnaður í samræmi við þróun verðlags. Þannig er húsnæðiskostnaðurinn tæp 5% af heildarútgjöldum sem hækka í samræmi við neysluverðsvisitölu á hverjum tíma. Aðkeypt þjónusta hefur hækkað, en þar er fyrst og fremst um að ræða hækkuð sýnagjalda. Aukin vöktun hefur einnig haft í för með sé aukin kostnað við greiningar sýna. Þrátt fyrir fyrirætlanir um breytingar í meðferð sýna hefur það tekið lengri tíma en áætlað var en áfram verður unnið við að innleiða nýjan tækjabúnað sem á að lækka kostnað við greiningu.

Þrátt fyrir áframhaldandi verðlagshækkunir, stytting vinnutíma samhliða kjarasamningum á vormánuðum, er reksturinn á árinu 2025 í takt við áætlanir og er áætlað að framlag sveitarfélaga til rekstursins lækki lítilega milli ára og verði um 32% af heildarveltu heilbrigðiseftirlitsins á árinu 2026. Heildarkostnaður

Almennt um fjármál og rekstur

Ákveðin hluti starfseminnar snýr að almennu eftirliti, samskiptum innan stjórnsýslunnar og þjónustu við íbúa. Samkvæmt afkomuspá ársins 2025 er þessi þáttur um 33% af heildarútgjöldum heilbrigðiseftirlitsins. Sá hluti er fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögunum í samræmi við lög nr. 7/1998, þar sem kveðið er á um að sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum. Í skýrslu stýrihóps sem skipaður var um opinbert eftirlit og kom út núna í ágúst 2025 er samanburður á kostnaði sveitarfélaga af rekstri heilbrigðiseftirlits og kemur þar fram að framlag sveitarfélaga hlutfallsega af rekstri heilbrigðiseftirlits er eina lægst há Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness á landsvísu.

Aukin umsvif sveitarfélaga sem kallar á þjónustu heilbrigðiseftirlitsins er í takt við önnur umsvif heilbrigðiseftirlitsins og er hlutfallið af heildarveltu um 32% í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, en fjárhæðin hækka um 10,5 milljónir ef mið er tekið af afkomuspá ársins 2025. Árlegur rekstrarkostnaður heilbrigðiseftirlits hefur verið hvað lægstur hér á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd).




Árlegur rekstrarkostnaður á hvern íbúa.





Hlutfall eftirlitstekna hefur ávallt verið eina hæst á svæði heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, eða um 68% af heildarveltu. Ef skoðuð eru framlög sveitarfélaganna til rekstursins kemur fram að árleg framlög sveitarfélaga til rekstursins eru lægst hjá HEF (úr skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits).



Árleg framlög sveitarfélaga á íbúa.

(2023)

Megin þáttur starfseminnar snýr samt áfram að eftirlitsskyldum aðilum og er þeim kostnaði mætt með eftirlitsgjöldum eins og lög og reglur gera ráð fyrir. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir heimila sveitarfélögum að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi, svo sem fyrir eftirlit, útgáfu starfsleyfa og vottorða. Upphæð gjaldsins skal byggð á rekstraráætlun þar sem þau atriði eru rökstudd sem ákvörðun gjalds við viðkomandi eftirlit byggist á og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Jafnframt er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að innheimta kostnað við eftirfylgni eftirlits og við beitingu þvingunaraðgerða.

Samkvæmt matvælalögum skulu matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki er hærra en raunkostnaður við eftirlitið til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum við eftirlitið:

- launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits,
- öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. vegna aðstöðu, áhalda, búnaðar, þjálfunar, ferðalaga og tengds kostnaðar,
- kostnaði við greiningu á rannsóknastofu og sýnatöku.

Ráðherra hefur gefið út leiðbeinandi reglur um uppbyggingu gjaldskráa sveitarfélaga vegna heilbrigðiseftirlits.

Gjaldskrár heilbrigðiseftirlitsins er tvær:

- Matvæla-, heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit: Lögð er til breyting á tímagjaldi, hækkan í kr. 23.000 og sýnatökugjald í kr. 24.000 sem er í samræmi við áætlaðan kostnað eftirlitsins en nær þó ekki að halda alveg við almenna verðlagsþróun. Gjöldin eru reiknuð samkvæmt leiðbeinandi reglum umhverfisráðherra um uppbyggingu gjaldskráa fyrir



heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 um að innheimt gjald skuli ekki vera hærra en raunkostnaður við vinnuna sem er framkvæmd s.s. vegna eftirlits, vottorða eða leyfisveitinga. Öll gjöld sem innheimt eru af heilbrigðiseftirliti eru reiknuð út frá tímagjaldi. Unnið er að áhættumati fyrirtækja í samræmi við lög og reglugerðir um hollustuhætti og mengun og lög um matvæli og getur endurskoðun á áhættumati haft í för með sér breytingar á því mati varðandi fjölda eftirlitstíma á árinu, en ekki er gert ráð fyrir að sú breyting hafi áhrif á heildarniðurstöðu fjárhagsáætlunar..

- Leyfisgjöld vegna hundahalds.. Áfram hefur verið unnið að einföldun á regluverkinu í kringum hundahald. Lagt er til að leyfisgjaldið hækki um tæp 3% og fari í kr. 18.500 (kr.9.250 með afslætti). Þá verði ekki innheimt handsömunargjald af skráðum hundum og það einungis innheimt af óskráðum hundum. Gert er ráð fyrir að fjöldi hunda á svæði heilbrigðiseftirlitsins verði um 3200 hundar í upphafi árs 2026, en töluvert er um afskráningar og tilkynningar um aflífun hunda í upphafi árs, þegar hundaleyfisgjöldin eru innheimt.
- Hundaskráin er aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins í samræmi við kröfur um gegnsæi í opinberri skráningu. Þá er búið að einfalda skráningu hunda og er hægt að ganga frá skráningu alfarið með rafrænum hætti. Þessi umsýsla hefur dregið úr vinnu eftirlitsins við hundahaldið.

Starfsmannahald 2025

Til að mæta þeim auknu verkefnum sem nefnd eru að ofan og styttingu vinnuvikunnar er gert ráð fyrir viðbótar stöðugildi í rekstraráætlun fyrir árið 2026. Þá er fylgt ábendingu Sambands íslenskra sveitarfélaga um launapróun á árinu 2025. Á liðnum árum hafa verið ráðnir sumarstarfsmenn til að fara í einfaldara eftirlit og auka þannig vettvangsathuganir og mæta auknum verkefnum í skráningum. Sú lausn hefur gefist vel og komið þannig til móts við óvæntar breytingar í starfsmannamálum sem upp hafa komið, s.s. vegna veikinda eða vegna fæðingarorlofs starfsmanna.

Matvælaeftirlit

Sveitarfélögin hafa skyldu til að sinna matvælaeftirliti og er heilbrigðisnefndum falið opinbert eftirlit með matvælum á markaði, smásölu, framleiðslu samsettra matvæla og framleiðslu matvæla sem ekki eru unnin úr dýraafurðum. Til matvælaeftirlits fellur einnig eftirlit með neysluvatni frá vatnsveitum. Neysluvatni hjá almenningi, fyrirtækjum í matvælaíðnaði og stofnunum sem þjóna viðkvæmum einstaklingum.

Matarborinn sjúkdómur er samheiti yfir matareitranir og matarsýkingar. Þegar upp koma matarbornir sjúkdómar vinna Matvælastofnum, Sóttvarnalæknir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sameiginlega að rannsókn svo komast megi sem fyrst að orsakavaldi svo unnt sé að grípa til aðgerða og stöðva útbreiðslu hans. Ef tveir eða fleiri veikjast og grunur beinist að ákveðnum matvælum er málið rannsakað. Farið er yfir vinnuferla með fyrirtækjunum ef tilkynningar berast sem bent geta til matarborins sjúkdóms. Þegar stórar matarsýkingar koma upp, er sýnakostnaður verulegur og gera þarf ráð fyrir slíkum kostnaði.

Töluvert hefur fjölgað í innköllunum á vörum og eru ákvarðanir um innkallanir ýmist teknar af Matvælastofnun eða hjá viðkomandi heilbrigðiseftirliti þar sem rekja má uppruna innköllunar til. Ástæður innkallanna eru eins fjölbreyttar og þær eru margar, svo sem aðskotahlutir í matvælum, vanmerkingar á vörum eða óleyfileg innihaldsefni. Umtalsverð vinna fylgir oft innköllunum þar sem fylgt er eftir ákvörðun um innköllun með því að fara í viðkomandi verslanir eða framleiðslufyrirtæki og innkölluninni fylgt eftir.



Hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirlit

Heilbrigðisnefnd skal gefa út starfsleyfi samkvæmt viðauka IV, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í júlí sl. kom út ný og endurbætt reglugerð um hollustuhætti 903/2024 og þarf að breyta tilvísunum í starfsleyfum og starfsskilyrðum svo þær séu í samræmi við nýja reglugerð. Eftirlit skal ná til athugunar á öllum þáttum umhverfisáhrifa viðkomandi starfsemi sem máli skipta sem og hollustuhátta. Eftirlit fer fram með þeirri starfsemi sem er í raun og veru, en er ekki bundið við eftirlit með starfsleyfisskilyrðum. Þjálfun, staðkunnátta eftirlitsmanns og stöðuleiki í eftirliti eru grundvallaratriði. Reglulegar eftirlitsáætlanir eru gerðar til að halda utan um og tryggja reglubundið eftirlit með atvinnurekstri, þ.m.t. um tíðni vettvangsheimsóka fyrir mismunandi starfsemi. Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóka skal byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhrættu viðkomandi starfsemi og skal tíðni eftirlits ekki vera sjaldnar en eitt ár fyrir starfsemi sem veldur mestri áhrættu en þrjú ár fyrir starfsemi sem veldur minnstri áhrættu. Vegna hollustuháttaeftirlits er ein eftirlitsferð á ári eða eftirlitsferð annað hvert ár algengastar. Til sumra fyrirtækja eru þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að þrjár eftirlitsferðir s.s. til stórra sundstaða. Mengunaráhöpp og mengunarslys fylgja okkar samfélagsháttum og þarf stöðugt að vera viðbúin þeim.

Við útgáfu á nýrri reglugerð um hollustuhætti og mengunarvarnir kom inn nýtt ákvæði um að öll starfsleyfi skuli auglýsa í fjórar vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins, áður en endanlegt starfsleyfi er gefið út og gerir það alla starfsleyfisútgáfu seinvirkari en áður, auk þess sem nokkur tími fer í að útbúa kynningargögn sem fylgja þurfa starfsleyfisútgáfunni.

Umhverfisvöktun

Umhverfisvöktun er aðallega á sviði loftgæðamælinga í andrúmslofti og með vatnsgæðum í grunnvatni, lækjum, stöðuvötnum, tjörnum og sjó. Þar með talið er eftirlit með framkvæmd hreinsunar á rotþrómi. Í reglugerð nr. 796/1999 um verndun vatns eru skyldur lagðar á heilbrigðisnefndir og sveitarstjórnir að flokka vötn og grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi. Af sama meiði er eftirlit með vatnsverndarsvæðum sem tryggja á öryggi neysluvatns til framtíðar. Umhverfisvöktun með vatnsgæðum nær til mælinga á örverum og efnum. Stefnt er að því að birta niðurstöður mengunarmælinga á heimasíðu eftirlitsins, en mælingarnar eru sendar sveitarfélögunum til kynningar um leið og niðurstöður liggja fyrir.

Heilbrigðiseftirlitið rekur nú fjórar loftgæðamælistöðvar. Á heimasíðu eru aðgengilegar niðurstöður fyrir almenning úr símælingum á loftgæðum í umdæminu. <http://heilbrigdiseftirlit.is/> og eins heldur Umhverfisstofnun úti vefsíðu www.loftgaedi.is þar sem þessar niðurstöður eru birtar ásamt niðurstöðum frá öðrum mælistöðum á landinu. Eins og áður hefur komið fram er mikil áhugi á að auka frekar loftgæðamælingar og m.a. vera með færanlega loftgæðastöð til að auka þekkingu okkar á breytingum á loftgæðum á svæðinu. Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar hefur skoðað þann möguleika að kaupa loftgæðastöð til að staðsetja í bæjarfélaginu. Mikil vinna hefur farið í að tryggja rekstraröryggi loftgæðastöðvanna og ljóst er að leggja þarf aukið fjármagn í endurnýjun á þeim tækjabúnaði.

Mælingar á umhverfishávaða og úrvinnsla kvartana um hávaða sem berast frá almenningi eru einnig hluti af umhverfisvöktun. Unnar hafa verið aðgerðaáætlanir hjá sveitarfélögunum vegna hávaða sem ætlaðar eru til að stemma stigu við hávaða og hávaðadreifingu. Þar er horft til umferðaskipulags, skipulag landnotkunar s.s. með að færa hávaðasama starfsemi og önnur atriði s.s. stuðla að umhverfisvænni ferðamáta. Í umsögnum um breytingar á aðalskipulagi og deiluskipulagi sveitarfélaganna hefur heilbrigðisnefnd vakið sérstaka athygli á mikilvægi þess að hugað sé að þessum þáttum, sérstaklega þar sem um er að ræða blandaða byggð atvinnurekstrar og íbúðabyggðar. Vonandi munu úrbætur samkvæmt þeim bæta gæði umhverfis á næstu árum. Því miður hefur nokkuð verið um kvartanir um hávaða frá atvinnurekstri þar sem íbúðir er ofan við verslanir eða veitingastaði og virðist



vera að misbrestur sé á að fylgt sé þeirri kröfu um að tryggt sé að hljóð vegna atvinnustarfsemi sé í samræmi við viðmiðunarmörk í hávaðareglugerð.

Dýraeftirlit

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í vinnu gagnvart samþykktum um hundahald. Sú vinna felst fyrst og fremst í móttöku kvartana og samskipti við hundeigendur. Samið var við DÝR (Dýraþjónustu Reykjavíkur) um að taka við handsömuðum hundum á svæði HEF og sinna kvörtunum og aðstoð vegna hundamála utan við hefðbundin vinnutíma.

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum ef þau eru til staðar og gera ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sér DÝR um geymslu og afhendingu á þeim dýrum sem færð eru til þeirra. Þá er samningur við Dýraþjónustuna um að sinna kvöld- og helgarmóttöku lausra hunda á svæði HEF. Kostnaður við hundageymslu greiðist af eftirlitsgjöldum vegna hundahalds en kattageymslan úr sjóðum sveitarfélaganna. Vegna fuglaflensu í vor var samið við Dýraþjónustu Reykjavíkur um að hirða hræ af dauðum fuglum á svæði heilbrigðiseftirlitsins.

Nýskráningu hunda er svipað og afskráningar og er fjöldi hunda svipaður milli ára. Leyfisgjaldið er hóflegt, en það stendur undir kostnaði við ábyrgðartryggingu hunda og þá umsýslu sem málaflókkurinn kallar á. Hundaleyfisgjaldið hefur lækkað umtalsvert á liðnum árum sé tekið mið af verðlagshækkunum og er kostnaður hundaeigenda en sá lægsti á landinu á svæði HEF. Upplýsingar um skráningu hunda er hægt að nálgast á heimsíðu eftirlitsins og nú er hægt að skrá þá með rafrænum hætti.

30. september 2025

Hörður Þorsteinsson

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.



Sundurliðun áætlunar samkvæmt fjárhagsáætlun 2026

Hafnarfjörður

Framlag samkvæmt áætlun 2026	kr.	35.408.572
Áætlaðir útgæfnir reikningar til fyrirtækja	kr.	43.136.753
Áætlaðir útgæfnir reikningar til stofnana sveitarfélagsins	<u>kr.</u>	<u>15.726.621</u>
Samtals	<u>kr.</u>	<u>94.271.946</u>
Áætluð mánaðarleg greiðsla	kr.	7.855.996

Kópavogur

Framlag samkvæmt áætlun 2026	kr.	44.972.537
Áætlaðir útgæfnir reikningar til fyrirtækja	kr.	49.635.490
Áætlaðir útgæfnir reikningar til stofnana sveitarfélagsins	<u>kr.</u>	<u>16.806.531</u>
Samtals	<u>kr.</u>	<u>111.414.558</u>
Áætluð mánaðarleg greiðsla	kr.	9.284.547

Garðabær

Framlag samkvæmt áætlun 2026	kr.	22.594.095
Áætlaðir útgæfnir reikningar til fyrirtækja	kr.	15.997.955
Áætlaðir útgæfnir reikningar til stofnana sveitarfélagsins	<u>kr.</u>	<u>12.478.371</u>
Samtals	<u>kr.</u>	<u>51.070.420</u>
Áætluð mánaðarleg greiðsla	kr.	4.255.868

Mosfellsbær

Framlag samkvæmt áætlun 2026	kr.	15.404.554
Áætlaðir útgæfnir reikningar til fyrirtækja	kr.	12.487.209
Áætlaðir útgæfnir reikningar til stofnana sveitarfélagsins	<u>kr.</u>	<u>7.623.036</u>
Samtals	<u>kr.</u>	<u>35.514.799</u>
Áætluð mánaðarleg greiðsla	kr.	2.959.567

Hafnarfjörður

Framlag samkvæmt áætlun 2026	kr.	5.149.827
Áætlaðir útgæfnir reikningar til fyrirtækja	kr.	2.908.660
Áætlaðir útgæfnir reikningar til stofnana sveitarfélagsins	<u>kr.</u>	<u>4.486.877</u>
Samtals	<u>kr.</u>	<u>12.545.364</u>
Áætluð mánaðarleg greiðsla	kr.	1.045.447